**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1986.**

Eignir:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| Bankainnstæður | | 36 372,05 |
| | | 36 372,05 |

Skuldir:

| | Kr. | Kr. |
|---|---|---|
| Hrein eign pr. 1. jan. 1986 | 30 606,14 | |
| Hreinar tekjur árið 1986 | 5 765,91 | 36 372,05 |
| | | 36 372,05 |

*Samgönguráðuneytið, 11. júní 1987.*

**Halldór S. Kristjánsson.**

10. júní 1987 Nr. 274

# AUGLÝSING

**um umferð í Ólafsfirði.**

Hér með er ákveðið að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ólafsfjarðar skv. 65. og 66. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 að eftirfarandi reglur gildi um umferð í Ólafsfjarðarkaupstað:

1. Stöðvunarskylda verður af Hornbrekkuvegi á Aðalgötu.
2. Biðskylda verður af Ólafsvegi bæði að austan og vestan á Aðalgötu.
3. Biðskylda verður af Gunnólfsgötu á Ægisgötu.
4. Biðskylda verður af Bylgjubyggð á Ægisgötu.
5. Biðskylda verður af innsta hluta Hrannarbyggðar á Bylgjubyggð.
6. Bifreiðastöður verða bannaðar sunnan Kirkjuvegar.
7. Bifreiðastöður verða bannaðar sunnan Vesturgötu frá Vesturgötu 1 að Aðalgötu.

Reglur þessar taka þegar gildi, en eldri reglur falla niður.

*Lögreglustjórinn í Ólafsfirði, 10. júní 1987.*

**Barði Þórhallsson.**

1. júní 1987 Nr. 275

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðið að banna umferð hestamanna um gróðurreit í Elliðarhólma.

Ákvörðun þessi tekur gildi 18. júní 1987.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. júní 1987.*

**Böðvar Bragason.**